

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 140

27. febrúar 2025

*Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í stað og fjarfundi 27. febrúar 2025 kl. 8:30.
Mætt: Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Bjarki Þór Grönfeldt, Flosi Hrafn Sigurðsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Steinunn Fjóla Benediktsdóttir og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.*

Fundargerð ritaði Bragi Þór Svavarsson

1. Fundargerð síðustu tveggja funda borin undir fundarmenn

Formaður stjórnar setti fundinn. Engar athugasemdir bárust vegna fundargerða síðustu funda og voru þær samþykktar.

2. Ársreikningur 2024

Pétur Örn Björnsson hjá Kapital ráðgjöf fór yfir framlagðan ársreikning Menntaskóla Borgarfjarðar fyrir árið 2024. Tekjur og rekstrargjöld voru hærri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Niðurstaða ársreikningsins eru rekstrarafgangur upp á rúmar 87.000 krónur.

Umræður fóru fram um einstaka liði ársreikningsins og var endurskoðandi og skólameistari til svara. Ársreikningur fyrir árið 2024 var borinn upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

3. Endurskoðunarskýrsla

Pétur Örn Björnsson hjá Kapital ráðgjöf fór yfir skýrslu endurskoðenda og einstaka liði hennar. Umræður fóru fram í kjölfarið og skólameistara falið að fylgja eftir þeim ábendingum að úrbótum sem nefndar voru í skýrslunni.

Pétur vék af fundi

4. Aðalfundur 2025

Farið var yfir skipulag fyrir aðalfund MB. Lögð fram tillaga að aðalfundur verði haldinn miðvikudaginn 7. apríl klukkan 12:00. Skólameistara falið að boða til fundar.



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

5. Skólastarf

Skólameistari fór yfir starfið á vorönn.

6. Önnur mál

Formaður stjórnar fór yfir stöðu mála í vegna uppbyggingar Nemendagarða MB og þau úrlausnarefni sem liggja fyrir á næstu misserum.

Fleira var ekki gert og fundi lauk 09:30